

## Leikjanámskeið

Leikjanámskeið Ungmennafélaganna þriggja og HSK hefst mánudaginn 11. júní. Margir hafa þegar skráð sig en nokkur pláss eru samt laus ennþá. Þeir sem hafa áhuga skrái sig nú þegar hjá formönnum félaganna. Námskeiðið verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver og er fyrir krakka 6-12 ára. Kennt verður frá kl. 9:00-11:30 alls 9 skipti, dagana 11.-21. júní. Ólafur Guðmundsson íþróttakennari stýrir leikjanámsskeiðinu.

Ungmennafélögin

### Dagskrá mánaðarins

Rúlluplasti safnað	2. júní
Tiltekt í Timburhólum	2. júní
Íþróttæfing við Félagslund	5. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	6. júní
Boltaæfing við Þjórsárver	7. júní
Leikjanámskeið	11.-21. júní
Íþróttæfing við Félagslund	12. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	13. júní
Héraðsmót HSK	12.-13. júní
Boltaæfing við Þjórsárver	14. júní
Kvennahlaupið	16. júní
Rúlluplasti safnað	16. júní
Þjóðhátíðardagurinn	17. júní
Dagur hinna villtu blóma	17. júní
Íþróttæfing við Félagslund	19. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	20. júní
Boltaæfing við Þjórsárver	21. júní
Íþróttahátíð HSK	23. júní
Unglingamót HSK	27-28. júní
Íþróttæfing við Félagslund	26. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	27. júní
Boltaæfing við Þjórsárver	28. júní
Landsmót UMFÍ	5.-8. júlí
Timburhólagrill	13. júlí



# ÁVEITAN



3. tbl. júní 2007. 1. árg.

Útgefendur: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Ábyrgðarmenn: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com



**Nýtt byggðamerki Flóahrepps, nánar á síðu 2.**

## Frá sveitarstjóra

### Byggðamerki

Tillögur að byggðamerkjum voru til sýnis á skrifstofu Flóahrepps í tengslum við Fjör í Flóa og voru verðlaun og viðurkenningarskjal afhent fyrir bestu tillöguna að mati sveitarstjórnar.

Rétt er að geta þess að tveir fulltrúar sveitarstjórnar tóku ekki þátt í að velja byggðamerki, þeir Aðalsteinn Sveinsson og Valdimar Guðjónsson en makar beggja áttu tillögur í samkeppninni.

Þátttaka var góð en 17 tillögur bárust frá 8 aðilum, merktar dulnefnum sem fylgdu með tillögum í sérstökum umslögum. Rétt nöfn höfunda voru ekki skoðuð fyrr en eftir að gengið hafði verið úr skugga um að tillagan sem best þótti uppfyllti þau skilyrði sem sett eru um byggðamerki.

Höfundur þeirrar tillögu sem þótti best og var valin sem byggðamerki er eftir Almar Sigurðsson íbúa á Lambastöðum í Flóahreppi. Verðlaun fyrir merkið voru 100.000 kr.

Í lýsingu með merkinu segir:

Blár liturinn tákna hreina og tæra náttúru.

Lóðréttu línurnar í merkinu tákna Flóaáveituna.

Fuglarnir 3 eru tákna hreppanna þriggja sem sameinuðust og mynduðu Flóahrepp. Fuglarnir tákna einnig fjölskrúðugt fulga-og dýralíf.

Regnboginn er einnig í merkjum Krakkaborgar og Flóaskóla.

Tillögurnar verða áfram til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma skrifstofu, alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

### Söfnun á rúlluplasti

Rúlluplasti verður safnað 2. júní og 16. júní n.k.

Laugardaginn 2. júní verður farið niður Gaulverjabæjarveg, byrjað á Bár um kl. 9, það verður farið að Meðalholtum og síðan sem leið liggur að Hellum, til baka um Hamarsveg að Þjórsárveri, Mjósýndi og að Hellum aftur.

Laugardaginn 16. júní verður byrjað um kl. 9.00 í Súluholti og farið að Hurðarbaki, þaðan að Urriðafossi, Hjálmholt niður gamla Hraungerðishreppinn og endað í Laugardælum.

## FC Flói

Ágætu lesendur

Tilfni þessa pistils er að kynna fyrir ykkur FC Flóa. FC Flói er fótballalið sem stofnað var af nokkrum ungum mönnum úr Hraungerðishreppi 2004 með það að markmiði að leika sér í fótbolta og einnig keppa í utandeild á Suðurlandi sem nefnist Sunnlenska deildin. Síðan þá hefur farið fram uppbygging hjá félaginu og það starf skilaði sér svo síðastliðið sumar er liðið náði að vinna tvöfalt, þ.e. að vinna bæði Sunnlensku deildina og sérstaka bikarkeppni henni tengdri, Byko-bikarkeppnina. Liðið fór taplaust í gegnum tímabilið, spilaði 15 leiki, vann 14 og gerði 1 jafntefli.

Þegar þetta er ritað stendur undirbúningstímabilið fyrir næsta sumar sem hæst og hefur FC Flói leikið 3 alvöru æfingaleiki og er enn taplaust eftir þá, hafa gert 1 jafntefli og unnið 2 leiki. Þess má til gamans geta að í öðrum þessum sigri vann FC Flói glæstan sigur á 3. deildar liði Knattspyrnufélags Árborgar, þar sem leikar fóru 4-3.

Nú í sumar ætlar liðið að halda áfram að starfa og stefnir á að verja báða titlanna sína. Þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með gengi og starfi þessa félagsskapar er bent á blogsíðu félagsins [www.blog.central.is/fcfloi](http://www.blog.central.is/fcfloi).

Þar er hægt að fylgjast með öllu sem snertir liðið. Einnig langar mig að hvetja fólk til að mæta á leiki FC Flóa næsta sumar og styðja við strákanna sem kenna sig við Flóann. Þeir eru jú margir úr Flóahrepp eða ættaðir þaðan, þótt flestir þeirra séu af Árborgarsvæðinu.

Heimaleikir liðsins fara fram á Stokkseyrarvelli í sumar og verða á miðvikudögum klukkan 20, en allar nánari upplýsingar um leikjaplanið má fá á [www.blog.central.is/fcfloi](http://www.blog.central.is/fcfloi).

Baldur Gauti Tryggvason

Varaformaður FC Flóa og umsjónarmaður bloggsíðunar

### Stóðhestur

IS 2002187097 **Þróttur frá Kolsholti II** verður til afnota í Kolsholti II í sumar.

F: Dynur frá Hvammi

M: Vænting frá Kolsholti II

Þróttur er ljósbleikur stjörnóttur.

Þróttur hlaut 1. verðlaun 4 vetra 2006.

Upplýsingar í síma 695-4332 og 486-3332

Upplýsingar um mótið má nálgast á heimasíðunni landsmot.kopavogur.is

### Íþróttamótin framundan:

Héraðsmót HSK á Laugarvatni	12.-13. júní
Íþróttahátíð HSK í Vík í Mýrdal	23. júní
Unglingamót HSK á Laugarvatni	27.-28. júní
Landsmót UMFÍ í Kópavogi	5.-8. júlí
Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn	3.-6. ágúst
Samhygðar- og Vökumót í Þjórsárverri	19. ágúst

### Frá Hrossaræktardeild Villingaholtshrepps

**IS 2003188801 Goði frá Þóroddsstöðum** verður til afnota í Villingaholtshreppi frá 20. júní. Goði er rauðblesóttur, glófextur.

F: Gári frá Auðsholtshjáleigu

M: Limra frá Þóroddsstöðum (móðir Þórodds)

**IS2002177797 Höttur frá Hofi** verður til afnota í Villingaholtshreppi eftir Fjórðungsmót. Höttur er brúnblesóttur, leistöttur. Höttur hefur hlotið 8,20 í aðaleinkunn.

F: Hróður frá Refsstöðum.

M: Þruma frá Hofi.

Verð 44.000 + girðingargjald.

Nánari upplýsingar veita:

Sigurður Kolsholti s. 695-4332

Erling Skúfslæk s. 898-8779

Erling Vatnsholti s. 486-3404

### Kæru sveitungar!

**Okkur langar að þakka fyrir gjafir og hlýjar kveðjur á fermin-gardegi okkar þann 27. maí sl.**

**Árni Geir, Ingibjörg Katrín, Ída og Jóhann**

### Fréttir frá Krakkaborg

Þegar þetta er ritað erum við í leikskólanum í óðaönn við undirbúning á vorhátíð og vorferðalagi. Miðvikudaginn 6.júní munum við skella okkur á Álfaskeið í Hrunamannahrepp og eyða þar góðum tíma saman. Simmi í Langholti mun koma með hesta til að teyma undir börnunum og foreldrafélagið býður upp á grillaðar pylsur og safa með.

Maí mánuður leið hratt og vel hjá okkur í Krakkaborg. Föstudaginn 25.maí var opið hús í leikskólanum. Börnin byrjuðu á því að fara yfir í félagsheimili og taka nokkur velvalin lög fyrir gesti og gangandi. Svo tóku þau undir með Hörpukórnum "krummi svaf í klettagjá". Boðið var upp á nýbakaðar bollur, kaffi, djús og andlitsmálun, í finu skjóli í garðinum okkar. Þann 16.maí fórum við í heimsókn í Kolsholt til Kollu. Þar skoðuðum við lömbin, fórum í göngutúr í helli, fengum okkur nesti að borða í skógræktinni og lékum okkur í frábæru veðri og náttúru. Viljum við koma þakklæti okkar allra til ábúenda í Kolsholti, fyrir góðar móttökur og frábæran dag.

Af starfsmannamálum er það helst að fréttu að amma Magga (Margrét Kristinsdóttir) í eldhúsinu hættir frá og með 1.júní. Hólmfríður Lilja fer í fæðingarorlof í ágúst og Hallfríður mun þá mæta aftur til starfa eftir fæðingarorlof.

Starfsfólk í Krakkaborg er búið að vinna við að meta starf leikskólans núna síðustu mánuði og hefur það gengið vel. Foreldrakönnun var send út í apríl og starfsfólk fylltu út matskvarða sem verið er að vinna í.

Leikskólinn er nú formlega farinn að vinna að grænfánavinnunni og erum við orðin skóli á grænni grein. Til stendur að við fáum flokkunargáma og moltukassa hingað í leikskólann og getum við þá farið að vinna markvissara með þetta verkefni og börnin geta þá tekið meiri þátt í því.

Starfið fram að sumarfrí mun einkennast af mikilli útiveru, göngutúrum og skemmtun í náttúrunni. Börnin munu fá fjölbreytt val í útivist t.d. mála, blása sápukúlur, sippa, húlla, kríta og margt fleira sem hentar vel í sumarleikjum á leiksvæðinu. Börnin munu nú fara að vinna í litlum matjurtargörðum, en Kaupþing banki gaf leikskólanum, fræ, garðáhöld og fleira til að gera lítinn matjurtargarð. Færum við þeim þakkir fyrir.

Kórastarfið í vetur hefur gengið mjög vel. Julian kórstjóri leikskólabarna í Þorlákshöfn hefur verið okkur innan handa með leiðsögn og vinnu. Hugmynd er uppi um að skoða nánara samstarf við Þorlákshöfn á næsta vetri.

Með sumarkveðjum  
Starfsfólk Krakkaborgar.

## Vinningshafar í ratleik

Á Fjöri í Flóa var haldinn ratleikur eins og hefð er orðin fyrir. Ágætis þátttaka var í ratleiknum sem var þannig upp settur að keppendur fóru vítt og breytt um Flóann og svöruðu spurningum. Að leik loknum voru dregnir út tveir vinningshafar.

Aðalvinning hlutu **Sigmar, Sandra og Aldís Tanja, Jaðarkoti**. Þau fá að gjöf Kortabók Eddu og út að borða á veitingahúsinu MENAM, Selfossi.

Aukavinning hlaut **Ágúst Hjálmarsson, Langstöðum**. Hann fær að gjöf Ferðahandbók fjölskyldunnar.

Rétt er að taka fram að dregið var úr öllum lausnum sem bárust. Því miður var ein stöðin skemmd þannig að ekki var hægt að svara þeim spurningum sem þar voru. Tekið var tillit til þessa við útdráttinn.

Að lokum er vinningshöfum óskað innilega til hamingju og sérstakar þakkir fær MENAM fyrir höfðinglega gjöf.

Undirbúningsnefndin

### Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Vorfundur kvenfélagsins verður haldinn fimmtudaginn 7. júní n.k. og hefst hann kl. 21.00.

Að þessu sinni verður fundurinn haldinn á Hestakránni á Skeiðum og verður á boðstólum súpa og salat fyrir kr. 1.200,- á mann.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flestar.

Stjórnin

### Heitir pottar

Heitu pottarnir í Þingborg verða opnir á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar, frá 20:00-22:00. Einnig er hægt að komast í þá á öðrum tímum eftir samkomulagi við húsvörð í síma 691-7082.

## 17. júní í Þjórsárverri

Á Þjóðhátíðardaginn munu Ungmennafélagið Vaka og Kvenfélag Villingaholtshrepps standa fyrir skemmtilegri dagskrá að vanda. Kl. 13:00 hefst íþróttamót fyrir krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60 m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 800 m hlaupi. Keppt verður um farandverðlaunagrip, fána-stöngina hjá stelpum og skjöldinn hjá strákum. Aðeins innansveitarkrakkar keppa um verðlaunagripina, en allir hressir krakkar mega keppa með sem gestir. Allir keppendur fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna.

Eftir íþróttamótið sér kvenfélagið um ýmsa leiki, og keppt verður í reipitoginu sívinsæla þar sem konurnar eiga harma að hefna frá fyrri árum. Fjallkonan mun flytja ávarp og svo verður drukkið kaffi og öl í Þjórsárverri. Munið eftir meðlætinu.

Ýmislegt verður einnig í boði fyrir yngstu börnin, and-litsmálning og hoppikastalinn góði verður á sínum stað. Sjáumst sem flest!

Kvenfélag Villingaholtshrepps  
Ungmennafélagið Vaka

### Fréttir frá Umf. Vöku

#### Æfingar í sumar

Munið íþróttæfingarnar á miðvikudagskvöldum kl. 20:00 – 21:30.

Hulda Þjálfar og allir eru velkomnir.

Boltaæfingar eru á fimmtudagskvöldum kl. 20:30 – 22:00.

#### FC Flói

Knattspyrnuliðið FC Flói æfir á íþróttavelli félagsins við Þjórsárver í sumar. Þeirra æfingar eru á mánudags- og miðvikudagskvöldum.

#### Landsmót UMFÍ

Nú stýttist í Landsmót UMFÍ sem haldið verður í Kópavogi 5.-8. júlí. Allt stefnir í að Vaka muni eiga þar 5-10 keppendur í liði HSK.

## 17. JÚNÍ VIÐ FÉLAGSLUND

### HÆ HÓ OG JYBBÍJAJEI

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa sameiginlega fyrir dagskrá við Félagslund á Þjóðhátíðardaginn 17. júní sem hefst kl. 13:30.

Umf. Samhygð stendur að vanda fyrir íþróttamóti fyrir börn 14 ára og yngri, keppt er í langstökki, spretthlaupi og hringhlaupi. Verðlaun eru veitt að móti loknu. Kvenfélagið skipuleggur ýmsa leiki, upplestur undir borðum og fl.

Eins og undanfarin ár ætlum við að hafa kaffihlaðborð þar sem hvert heimili sem sækir skemmtunina leggur til eitthvað góðgæti, kvenfélagið sér um að hella uppá kaffi og koma bollum, glösum og diskum í salinn. Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslundi

HOPPUKASTAL

ANDLITSMÁLUN

BLÖÐRUSALA

LEIKIR, GRÍN OG GAMAN

ÍÞRÓTTAMÓT

### Frá Umf. Samhygð

#### Íþróttæfingar

Íþróttæfingar verða á þriðjudagskvöldum í sumar á íþróttavellinum við Félagslund. Æfingarnar hefjast kl. 20:00 og standa til 21:30. Hulda Kristjánsdóttir íþróttakennari mun stjórna æfingum og er fyrsta æfingin þriðjudagskvöldið 5. júní. Vonandi munu sem flestir krakkar nýta sér fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í sumar.

#### Timburhólagrill

Ákveðið hefur verið að seinka Timburhólagrilli Gaulverja nokkuð frá hefðbundnum tíma og er áætlað að halda það föstudagskvöldið 13. júlí. Nánar auglýst í næsta bréfi.

MUNIÐ TILTEKT Í TIMBURHÓLUM LAU. 2. JÚNÍ KL. 13:30

### Dagur hinna villtu blóma, 17. júní 2007

Ákveðið hefur verið að halda “Dag hinna villtu blóma” á Norðurlöndunum þann 17. júní 2007. Eftir verður til skoðunarferða á ýmsum stöðum á landinu þennan dag. Stílað er upp á byrjendur jafnt sem lengra komna og er markmiðið að fá sem flesta með á öllum aldri og vekja áhuga á plöntunum.

Á Suðurlandi verður eftir til blómaskoðunar að Vatnsenda í Flóahreppi (áður Villingaholtshreppi) kl. 20:00. Á Reykjavíkursvæðinu verður mæting við gamla Rafveituhúsið í Elliðaárdal kl. 13:00, áætlað er að ferðin taki um tvo klukkutíma. Æskilegt er að þátttakendur taki með sér blómabækur. Gönguferð þessi er ókeypis fyrir þátttakendur og ekki þarf að tilkynna þátttöku fyrirfram. Leiðbeinendur að Vatnsenda verða Þórunn Kristjánsdóttir og Kristín Stefánsdóttir en í Elliðaárdalnum verður Gróa Valgerður Ingimundardóttir leiðbeinandi.

*Flóruvinir* standa fyrir degi hinna villtu blóma

### Kvennahlaup ÍSÍ

Enn ætlum við að standa fyrir kvennahlaupi eins og undanfarin ár. Að þessu sinni verður hlaupið laugardaginn 16. júní kl. 11:00.

Eins og áður hlaupum við frá Gaflsvegamótum og í áttina að Grund. Í boði verða vegalengdirnar 1 km. og 1,5 km. Eins og venjulega fá þær sem borga þátttökugjald bol og verðlaunapening. Þátttökugjaldið er 1000 kr. Vonumst eftir að sem flestar konur komi og hlaupi, skokki eða labbi. Þema ársins er: „Hreyfing er hjartans mál.“

Fyrir hönd Kvenfélags Villingaholtshrepps,  
Valgerður Gestsdóttir